Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* **um makaskipti á kirkjujörð með tilheyrandi hjáleigu.** — Með brjefi þessu tilkynnti ráðgjafinn landshöfðingja, að samkvæmt allrapegnsamlegustum tillögum sínum hefði hans hátign konunginum hinn 14. jan. þ. á. allramildilegast þóknazt að samþykkja makaskipti á eign Saurbæjarkirkju á Rauðasandi, jörðinni Fífustöðum með hjáleigunni Holti í Dalahreppi í Barðastrandarsýslu fyrir jarðirnar Krók og Gröf á Rauðasandi í sömu sýslu, þannig að fyrstnefnd jörð með tilheyrandi hjáleigu hjer eptir álítist sem bændaeign, en hinar síðarnefndu jarðir verði settar jafnhliða öðrum kirkjujörðum. **27** 15. jan.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um lán handa prestakalli til húsabyggingar.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 10. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður og háæruverðugi herra, sent mjer beiðni prestsins að Odda, sjera Skúla Skúlasonar, um leyfi til að mega taka 6000 kr. embættislán upp á prestakallið til þess að byggja íbúðarhús á prestssetrinu, og hafið þjer, jafnframt því einnig að senda uppdrátt af hinu fyrirhugaða húsi, kostnaðaráætlun og fleiri hjer að lútandi skjöl, lagt það til, að hið umbeðna leyfi verði veitt. **28** 11. febr.

Út af þessu skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, til þóknanlegrar frekari birtingar, að jeg samkvæmt tillögum yðar veiti samþykki til, að tjeður prestur taki 6000 kr. embættislán upp á Odda-prestakall, er afborgist á 25 árum, til þess að byggja á prestssetrinu Odda traust og vandað timburhús með járnþaki og járnvarið móti regnáttum, að stærð 18 álna langt og 13 álna breitt, með 6 álna löngum geymsluskúr fyrir öðrum húsenda, og með þeim herbergjafjölda og þeirri herbergjaskipun, sem afmörkuð er á hinum meðfylgjandi uppdrætti. Svo fellst jeg og á, að hin fyrirhugaða húsabreyting verði bundin þeim skilyrðum, að presturinn haldi timburhúsinu vel við og kaupi fyrir því eldsvoða-ábyrgð, og að hann eða dánarbú hans skili því í fullgildu standi eða með fullu álagi.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um endurveiting hlunninda handa sparisjóði.** — Samkvæmt beiðni frá forstöðunefnd sparisjóðs Svarfdælinga, sem hingað hefur borizt beina leið, endurveitast hjermeð nefndum sparisjóði til 31. jan. 1895 hlunnindi þau, er samkvæmt tilsk. 5. jan. 1874 voru veitt honum með landshöfðingjabrjefi dags. 8. jan. 1885, og er endurveiting þessi bundin hinum sömu skilyrðum, sem tiltekin voru í nefndu brjefi. **29** 26. febr.

Þetta bið jeg yður, herra amtmaður, þjónustsamlega að tilkynna forstöðunefnd ofannefnds sparisjóðs.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um endurveiting hlunninda handa sparisjóði.** — Samkvæmt beiðni þeirri frá formanni og gjaldkera sparisjóðsins á Siglufirði, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar, dags. 21. f. m. endurveiti jeg hjermeð nefndum sparisjóði til 10. októbermán. 1899 hlunnindi þau, sem samkvæmt tilsk. 5. jan. 1874 voru veitt honum með landshöfðingjabrjefi 10. okt. s. á. og endurveitt með landsh.br. 11. maí 1880, og er veiting þessi **30** 27. febr.

15. dag marzmán. 1890.

Reykjavík. Prentsmiðja Ísafoldar 1890.